

Ársskýrsla

GA

2021



STJÓRN OG NEFNDIR STARFSÁRIÐ 2020-2021

Aðalstjórn

Formaður: Bjarni Þórhallsson	eitt ár
Varaformaður: Jón Steindór Árnason	seinna ár
Ritari: Sigurður Skúli Eyjólfsson	seinna ár
Gjaldkeri: Guðlaug M. Óskarsdóttir	fyrri ár
Meðstjórnandi: Eygló Birgisdóttir	fyrri ár

Varamenn í stjórn

1. varamaður Vigfús Ingi Hauksson	eitt ár
2. varamaður Viðar Valdimarsson	eitt ár

Vallarnefnd (GSÍ)

Heimir Jóhannsson
Jón S. Hansen
Karl Guðmundsson
Sverrir Þorvaldsson
Halla Sif Svavarsdóttir
Þórunn Haraldsdóttir
Jón Steindór Árnason
Steindór Kristinn Ragnarsson

Afreks og unglínganefnd

Heiðar Davíð Bragason
Anton Ingi Þorsteinsson
Harpa Hafbergisdóttir
Stefanía Kristín Valgeirsdóttir
Ágúst Ingi Axelsson
Heiða Björk Sigurðardóttir

Kappleikjanefnd (GSÍ)

Jón Heiðar Sigurðsson
Baldur Ingi Karlsson
Arinbjörn Kúld

Arctic Open nefnd

Viðar Valdimarsson
Halla Sif Svavarsdóttir
Anna Einarsdóttir
Eygló Birgisdóttir
Jón Heiðar Sigurðsson
Baldur Ingi Karlsson

Forgjafar og aganefnd (GSÍ)

Formaður: Björn Axelsson
Eiður Stefánsson
Stefán Jónsson

Nýliðanefnd

Heiðar Davíð Bragason
Stefanía Kristín Valgeirsdóttir

Kvennanefnd

Björg Ýr Guðmundsdóttir
Ragnheiður Alfreðsdóttir
Rósa Njálisdóttir
Álfheiður Atladóttir
Hrefna Magnúsdóttir
Friður Leósdóttir

Húsnefnd

Þorsteinn Konráðsson
Baldur Ingi Karlsson
Jón Vídalín

Skoðunarmenn ársreikninga

Sveinn Pálsson
John Júlíus Cariglia

Tekjur

M. kr.





Gjöld

M. kr.



Félagatal GA





Hafðu bílamálin einföld og þægileg.

LANGTÍMALEIGA

Langtímaleiga er hagkvæmur kostur í bílamálum. Leigutími er frá 3 að 36 mánuðum. Innifalið eru tryggingar, bifreiðagjöld, reglubundnar þjónustuskoðanir, smurþjónusta og dekkjaskipti. Fjármagnsbinding er engin og endursöluáhætta heyrir sögunni til.



**BÍLALEIGA
AKUREYRAR**
— Höldur —

Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta

SKÝRSLA FORMANNS

Sælir góðir GA félagar.

Ég býð ykkur öll velkomin hingað að Jaðar á aðalfund GA starfsárið 2020-2021. Í upphafi fundar langar mig að biðja ykkur að minnast látinna félaga okkar sem létust frá síðasta aðalfundi. En það eru þeir Haraldur Júlíusson sem lést þann 27. desember, Ágúst Herbert Guðmundsson sem lést 1. janúar, og Björgvin Þorsteinsson sem lést 14. október.


Kæru GA félagar ég vil þakka öllu samstarfsfólki, stjórnarmönnum, nefndarmönnum, starfsmönnum, veitinga manninum okkar og öllum þeim fjölda sem lagt hafa mikla vinnu á sig fyrir félagið sitt. Mig langar að þakka þeim, ásamt félagsmönnum öllum fyrir gott samstarf á starfsárinu. Mig langar sérstaklega að nefna það fólk sem vann á skrifstofunni en þau leystu oft á ótrúlegan hátt þau verkefni sem þau stóðu frammi fyrir en álagið á þeim í sumar var of á tíðum ótrúlegt. Eins vil ég þakka öllum þeim sem komu að því að halda Íslandsmótið í sumar þannig að okkur var mikill sómi að. Golfkennararnir okkar þau Heiðar Davíð og Stefanía Kristín eru búin að vinna ótrúlegt starf við að fjölga ungum kylfingum þannig að framtíðin er björt og það á eftir að vera mjög spennandi að vinna með þessum nýja hóp sem er að koma inn í félagið. Ég held að við öll höfum tekið eftir auknum fjölda unglinga á vellinum síðasta sumar, sem er ótrúlega ánægjulegt.

Árið einkenndist af veiru sem hélt áfram að heimsækja okkur. Inniaðstaða var því hálf lokuð fyrrihluta vetrar en opnaðist svo. Á árinu var haldið áfram að lagfæra húsakost félagsins og langar mig að þakka þeim fjölmörgu sem að því komu. Sérstaklega þeim sem tóku að sér að laga fjósið en það er nú orðið hið besta húsnæði. En þarna hefur hópur manna unnið að því að endurbyggja allt húsið. Eins er byrjað á að setja upp lýsingu á Klappir og stefnir í upplýst æfingasvæði. En þar er verið að leggja lokahönd á frágang á kanti við skálann.



Á árinu var haldi áfram að byggja upp unglíngastarf félagsins og er mér mikil ánægja að segja frá því að nú í lok starfsárs hefur þessi hópur haldið áfram að stækka og nú æfa mun fleiri ungmenni golf hjá félaginu en gerðu ári áður. Og þrátt fyrir veiru og lokanir tókst að halda uppbyggingu áfram.

Sumarið var eitt það þurrasta sem við höfum séð lengi og einnig var hitastigið óvenjulega hátt. Þetta skapaði bæði kosti og galla en ekki má samt gleyma að sjaldan hafa jafn margir léttklæddir spilað golf að Jaðri. En nýtt vet var slegið í sumar þegar rástímar fóru yfir 300 á einum og sama deginum. Til okkar komu fleiri gestir en nokkru sinni áður en við áætluðum að hingað hafi komið og spilað golf yfir 8500 gestir og voru tekjur af þessum gestum okkar mun meiri en nokkru sinni áður. Við áætluðum að tekjur af íslenska ferðamanninum hafi verið á fimmta tug milljóna í sumar. Þetta var sérstaklega ánægjulegt og vona ég að öllum sem lögðu leið sína til Akureyrar þetta sumar hafi farið þaðan með góðar myndir og minningar í huga og bjóðum við allt þetta fólk velkomið aftur. Völlurinn kom undan erfiðum vetri og tókst að opna nokkuð á venjulegum tíma en í sumar var völlurinn opin í tæpa 5 mánuði og var lokað í október þegar fór að kólna. Áfram var haldið vinnu við að bæta völlinn og þar má sérstaklega nefna vinnu við brautir til að bæta þær. Vinnu við dren var þannig haldið áfram og einnig er hafin vinna við að fjölga teigum og bæta forgrín, allt með það að markmiði að við getum skartað flottum keppnisvelli allt sumarið.



Mótahald sumarsins gekk mjög vel og hélt GA Íslandsmót í í byrjun ágúst. Mótið tókst mjög vel og gerðu bæði keppendur og GSÍ mjög góðan róm að öllu því starfi sem hér hefur verið unnið. Mótið er einng góð auglýsing fyrir svæðið allt, en héðan var bein útsending í sjónvarpi í tvo daga.

Önnur stór mót sumarsins gengu mjög vel og fengum við mjög ánægulegt hrós frá þáttakendum í þeim, bæði fyrir umgjörð og völlinn. En í öllum þeim mótum var met þáttaka og þau boð og bönn sem sóttvarnaryfirvöld settu, tókst starfsmönnum að leysa þannig að eftir var tekið og mikill sómi að. Akureyrarmótið var haldið snemma í júlí og Akureyrarmeistarar voru þau Lárus Ingi Antonsson og Stefanía Kristín Valgeirsdóttir og óskum við þeim kærlega til hamingju.

Eins og ég hef áður sagt er nú að ljúka mörgum verkum sem við höfum staðið í, en þá taka önnur við. Þar langar mig að nefna að nú þegar hefur verið hafin vinna við fjölgun teiga, og þar erum við fyrst og fremst að horfa til að gera völlinn aðgengilegri fyrir konur. Eins er verið að undirbúa lagningu meira af stígum, því það er alveg ljóst að við aukna notkun, þarf að stýra umferð um grassvæðin og verja að einhverju leiti eins og á þar 3 holum, þar eru nú stígar komnir og munum við fara fram á að umferð haldi sig eingöngu þar. Eins er hafin vinna við að bæta brautir og auka vökvun. En þetta verður kynnt nánar síðar.

En stækkandi félag þarf líka stærri aðstöðu. Því megum við ekki gleyma og nú er komið að því að taka næstu skref. Við ætlum að gera upplifun gesta okkar sem heimsækja Akureyri til að spila golf, það eftirminnilega að þeir komi sem fyrst aftur. Við megum ekki gleyma því að hingað koma mörg þúsund manns ár hvert til að spila völlinn og er það sérstaklega ánægulegt að nú er öll sú mikla vinna sem hér hefur verið unnin að skila sér bæði í bættri fjárhagsstöðu og meiri viðurkenningu á Jaðri sem golfvelli.

Að lokum vona ég að veturinn verði öllum góður, jafnt mannfólki sem golfvöllinum, og við getum gengið glöð út á golfvöll sem fyrst á nýju ári. Þakka ég ykkur öllum fyrir liðið starfsár og sérstakar þakkir til starfsmann sem unnu gríðalega gott starf fyrir okkur á liðnu starfsári.



Skýrsla Vallarstjóra

Jaðarsvöllur var opnaður eftir tvo góða vinnudaga eða þann 19. maí. Mörg góð verk voru unnin á vinnudögum tveim og alltaf jafn ánægjulegt hversu góð mæting er á vinnudagana á vorin.

Flatirnar komu vel undan vetri þar sem þakka má góðu vetrarstarfi starfsmanna GA sem fylgjast grannt með snjóalögum og klakamyndun allan veturinn og taka til verka ef þurfa þykir. Veturinn var eins og á meðalári, úrkoma var þó vel yfir meðaltali eða 75% umfram meðalúrkomu síðustu 30 ára. Meðalhitinn yfir veturinn var -0,4 stig sem er aftur á móti 0,2 stigum undir meðalhita síðustu 10 ára. Flöktandi hitastig í kringum núll stigin er einmitt það sem eykur klakamyndun og gerir þeim sem sjá um umhirðu grassvæða erfiðara fyrir.

Gripin eru tækifæri til snjómoksturs þegar útlit er fyrir hlánun og þess háttar ef klaki hefur myndast. Mjög skýrlega sést hvað sú mikilvæga vinna er að skila sér ár eftir ár og er spurning hvort við getum aukið þessa vinnu með aðgerðum á teigum og brautum sem dæmi en þá þarf að huga að öflugri og skilvirkari vélakosti því í þessum aðgerðum skiptir öllu máli að geta afgreitt aðgerðir hratt. Snjómokstur af flötum sem dæmi má ekki taka meira en einn dag svo tækifærin séu fullnýtt. Aðgerð af þessu tagi er gerð til að nýta hlákuna eingöngu til að bræða klakann sem myndast hefur undir snjónum en ekki „eyða“ hitanum í að bræða snjó sem hægt er að blása af. En þetta er eins og annað, stundum borgar sig að bíða og stundum þarf að hrökkva af stað. Í einni svona aðgerð þarf klakinn allur að fara fyrst við erum að taka snjóinn af því hitastigið í sverðinum skiptir líka máli. Því er stundum betra að hafa snjóinn sem einangrun áfram ef útlit er fyrir að klakinn nái ekki að bráðna af.

Mikil vinna var unnin frá hausti og fram á sumar við enduruppbyggingu á fjósinu en það má með sanni segja að þar hafi verið unnið frábært verk, byrjað var að rífa þakið og endurbyggja það af stóru leyti. Næst var farið í að einangra útveggi og klæða með bárujárnri. Að innan er húsinu skipt í þrennt, stór salur sem nú hýsir 8 golfbíla, geymsla fyrir leigusett og aðstaða fyrir ræsi. Þriðja rýmið er svo skápageymsla en áætlað er að taka það rými í gegn í janúar 2022. Fyrir utan fjósið var svo sett upp þvottaaðstaða fyrir kylfinga til að þrifa búnaðinn sinn sem og aðstaða til að þrifa golfbíla. Sérstakar þakkir fyrir afar óeigingjarnt starf við þessa uppbyggingu fara til Magnúsar Ingólfssonar, Heimis Jóhannssonar, Guðmundar E. Lárussonar, Hafbergs Svanssonar, Þorsteins Konráðssonar, Viðar Þorleifssonar og Þórhalls Pálssonar. Að auki smíðaði þetta teymi ný teigskilti sem eru nú við hvert teigasett Jaðarsvallar.



Sumarið var í heild frábært hér á Jaðarsvelli, meðalhiti í júlí og ágúst var 14,3 stig eða rúmum 3 stigum yfir meðallagi. Úrkoman var aftur á móti af skornum skammti eða einungis 35% af meðaltali júlí sem er einmitt mjög lágt meðaltal og svo einungis 15% af meðalúrkomu í ágúst.

Svo lítil úrkoma olli því að brautir Jaðarsvallar voru mjög þurrar og náðu þau svæði sem urðu fyrir vetrarskaða (kal) aldrei að gróa sökum þurrks. Á



venjulegu ári ná kalblettirnir sér aftur en sökum þurrks var ekki svo í ár. Engin vökvun er í brautum Jaðarsvallar og ekki möguleiki á að vökva þær eins og aðstæður voru í sumar. Undirbúningsvinnu við áætlun uppsetningu á vökvunarkerfi í brautir heldur áfram og verður horft í það í framhaldinu. Áætla má að kostnaður við slíka framkvæmd sé um 2-3 milljónir á braut.

Nýr hvítur teigur var gerður á 3. braut ásamt nýjum gulum teig á 17. Stækkaður var hvíti teigurinn á 14. braut en þessar framkvæmdir snéru að Íslandsmótinu í högggleik sem var haldið í sumar.

Hápunktur sumarsins var auðvitað Íslandsmótið í högggleik sem fór fram dagana 5.-8. ágúst. Veðurguðirnir voru enn með okkur í liði og skein gleðin af keppendum þessa daga. Mótið tókst vel og almenn ánægja var með völinn og alla umgjörð. Svona mót krefst mikillar vinnu og skipulagningar og eiga starfsmenn GA og sjálfbóðaliðar allann heiður skilinn fyrir frábæra vinnu yfir mótið og í allt sumar. Þegar mest var voru 21 starfsmaður hjá GA ásamt 10-15 krökkum frá vinnuskóla Akureyrar og 50 sjálfbóðaliðar.

Völlurinn var opinn í 147 daga sem var heldur minna en í fyrra en það orsakast af köldum endalokum golfvertíðar í október sem er oft þónokkuð um spil GA félaga.



GA var áfram með umhirðu grassvæða hjá Þór og KA. Einnig er gott samstarf og vinna unnin á knattspyrnuvelli Völsungs á Húsavík. Þó nokkur vinna var unnin fyrir golf- og fótboltavelli allt frá Siglufirði til Egilstaða.

Tekin var í notkun brýningarvél á árinu og erum við því farnir að brýna sláttukeflin okkar sjálfir og bjóðum þá vinnu einnig til klúbba hér á Norður- og Austurlandi.

Keyptar voru tvær hybrid sláttuvélar sem notaðar eru við slátt á teigum og svuntum en mikið er lagt upp úr að við endurnýjun véla sé horft til umhverfisvænna þátta þannig að notkun rafmagns sé umfram jarðeldsneytis. Einnig var lóðskurðarvél keypt á árinu en hún er ætluð að vinna á snarrót og auka vatnsflæði í gegnum svörð brauta og umhverfi flata.

Aðsóknin á Jaðarsvöll hefur aldrei verið jafn mikil og í ár og var því mikilvægt að umhirðan tæki mið af því, reynt er að stýra umferð eftir getu. Helst er þar reynt að dreifa álagi kylfinga í kringum flatirnar og bæta þarf enn þar í merkingar og umferðarstjórnun. Í okkar framkvæmdum nýjum sem lagfæringum er horft til þess að gera umhirðu auðveldari og betri þannig við stöndum eftir með meiri grasgæði og fallegra svæði.

Nú á haustmánuðum var farið í drenvinnu fyrir framan 1. flötina og að 50m hælnum, þar voru sett niður rör með niðurföllum sem eiga að fanga vatnsflaumin sem kemur niður brekkuna og undan brekkunni sérstaklega yfir vetrar- og vormánuðina. Eins var byrjað að dreina miðjusvæðið á 3. braut og mun sú vinna halda áfram í vor. Áætlað er að slá miðju brautina aðeins meira til hægri á 3.

Nýr rauður teigur var gerður á 2. braut en hann er staðsettur meira beint á braut fremur en þessi sem var við tjörnina. Nýr rauður teigur á 8. braut var gerður mun framar og báðir þessir teigar verða tyrfðir í vor. Það er hugmynd okkar að gera nokkra nýja teiga framar en núverandi rauðu teiga til að búa til annað sett sem yrði styttra en núverandi rauða sett til að byrjendur geti nýtt sér þá sem og eldri konur, sem hafa hingað til ekki haft neitt styttra teigasett til að grípa í.

Okkar dyggu sjálfboðaliðar voru ekki af baki dottnir nú í haust en þá var vinna hafin við endurbætur á Klöppum. Sett var upp þakrenna á suðurhlið hússins, bílskúrshurðar í slátturrýmum vorur þéttar ásamt því að setja hlífar fyrir rennur hurðanna til að koma í veg fyrir skemmdir á þeim.

Áætlaðar framkvæmdir á næsta ári eru m.a:

Endurbætur á rauðum teig á 15.

Endurbætur á gulum teig á 15.

Endurbætur á rauðum á 11.

Nýr rauður teigur á 3.

Skipta um undirlag í forgreeni á 14.

Skýli fyrir golfbíla




SKÝRSLA ARCTIC OPEN NEFNDAR

Arctic Open mótið fór fram dagana 23.-26. júní og má sjá nefndarmeðlimi hér fremst í skýrslunni. Helstu samstarfsaðilar mótsins voru Icelandair, Isavia, FootJoy á Íslandi og Toyota á Íslandi. Við hjá GA viljum þakka þessum sérstaklega fyrir stuðninginn ásamt öðrum samstarfs- og styrktaraðilum. Alls voru 252 þátttakendur í Arctic Open í ár sem er met þátttaka. Því miður voru aðeins níu erlendir kylfingar í mótinu í ár sökum Covid-19 en meiri hluti þeirra sem komst ekki í ár skráði sig strax í mótið fyrir 2022 og er það von okkar að veiran skæða geri okkur kleift að taka á móti þeim á næsta ári. Völlurinn var í flottu standi þegar mótið hófst og eiga vallarstarfsmenn sem og veðurguðirnir miklar þakkir skilið fyrir þeirra störf í aðdraganda mótsins.

Fjöldi lagði leið sína upp á Jaðar á miðvikudagskvöldinu í opunarhátíð mótsins þar sem mótsgögn voru afhent og boðið upp á smárétti og drykki. Góð stemming myndaðist og var árlega drive-keppnin á sínum stað þar sem Viktor Ingi Finnsson fór með sigur úr bítum með 297 metra höggi. Á lokahófinu sá Sigmar Vilhjálmsson um veislustjórnun og gerði það með stakri þrýði og á eftir honum fylgdi Eyþór Ingi með tónlistaratriði. Lokahófið var gríðarlega vel heppnað og er langt síðan eins góð stemming hefur myndast á því. Keppt var í fjórum flokkum líkt og undanfarin ár en þeir eru opinn flokkur án forgjafar, með forgjöf, konur án forgjafar og 55 ára og eldri án forgjafar. Einnig var liðakeppni meðfram mótinu þar sem fjórir kylfingar mynduðu lið og þrjú bestu skorin giltu hvorn daginn. Í sigurliðinu þar voru þau Björg Ýr Guðmundsdóttir, Eggert Hlöver Ericsson, Eggert Jónsson og Stefán Ólafur Jónsson. Þorvaldur Makan Sigbjörnsson varð síðan Arctic Open meistari 2021 með 81 punkt sem er svo sannarlega frábærlega gert en mikill vindur var sérstaklega seinni daginn í mótinu, Þröstur Ástþórsson vann högggleikinn á 151 höggi. Jón Þór Gunnarsson fór með sigur úr bítum í flokki 55 ára og eldri á 162 höggum og það var síðan hún Anna Jódís Sigurbergsdóttir sem vann högggleik kvenna þriðja árið í röð á 152 höggum.

Arctic Open nefndin vill þakka fyrir mótið í ár og þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hjálpuðu til við að hafa mótið eins glæsilegt og það var en töluverð vinna liggur á baki að halda mót af þessari stærðargráðu. Við hlökkum til Arctic Open 2022 og erum strax byrjuð að vinna þá forvinnu sem þarf til að halda því flotta starfi áfram sem hefur verið unnið undanfarin ár. Uppselt er í mótið á næsta ári og er von á fjölda erlendra kylfinga sem gerir mótið enn skemmtilegra og hlökkum við til að taka á móti þeim og öðrum gestum í júní 2022.





SKÝRSLA KVENNANEFNDAR

Kvennastarf GA þetta árið var mjög gott og mæting góð í alla þá viðburði sem nefndin sá um. Kvennanefndina skipuðu þær Álfheiður Atladóttir, Hrefna Magnúsdóttir og Fríður Leósdóttir sem höfðu starfað í nefndinni árinu á undan. Auk þeirra tóku sæti í nefndinni þær Björg Ýr Guðmundsdóttir, Ragnheiður Alfreðsdóttir og Rósa Njálisdóttir.

Aníta Jónsdóttir, Björg Konráðsdóttir og Bryndís Björnsdóttir gengu úr nefndinni sem þær höfðu starfað í síðustu tvö árin.

Kvennanefnd stóð fyrir vön-óvön kvennaspili tvisvar sinnum í sumar. Áhersla var lögð á að bjóða nýjar konur velkomnar og var þátttakan mjög góð í bæði skiptin. Fyrsta kvennaspilið var haldið 7. júní. Ákveðið var að hafa þetta með veglegri hætti þar sem ekki var haldin vorfundur eins og venjan er vegna covid takmarkanna. Boðið var upp á súpu í lok spilamennskunnar. Mæting var með allra besta móti, 50 konur mættu í spil og súpu. Ný nefnd var kynnt og þeim nefndarkonum sem lokið höfðu starfi þökkuð góð störf. Það var góð stemning yfir golfgellum þennan mánudag og lofaði hún góðu fyrir sumarið.

Seinna kvennaspilið fór fram mánudaginn 5. Júlí í blíðskaparveðri og mættu 45 konur til leiks, í lokin var dregið úr skorkortum eins og hefð er fyrir. Til stóð að hafa einnig kvennaspil í ágúst en þar sem mikið af covid smitum voru að greinast í samfélaginu var ákveðið að fella það niður.

Hatta- og pilsamótið var haldið þann 22. júlí með sannkölluðum glæsibrag, konur mættu í sínu fínasta þússi og veðrið var eins og best verður á kosið, sól og 23 stiga hiti. Þátttaka var góð eins og alltaf á þessu móti. Spiluð var 9 holu punktkeppni þar sem veitt voru verðlaun fyrir 5 efstu sætin en einnig fyrir ýmislegt annað skemmtilegt. Snæddur var dýrindiskvöldverður að hætti Jóns Vídalín og skemmtu konur sér vel.



Í september var ákveðið að halda haustmót GA kvenna á Jaðri, þetta mót kom í staðinn fyrir að fara í haustferð en vegna óvissu með veiruna þá var þetta niðurstaðan. Spilað var 18 holu punktkeppni með forgjöf, mótið heppnaðist mjög vel og mættu 40 konur til leiks, veglegir vinningar voru í boði, veitt voru verðlaun fyrir fimm efstu sætin sem og einnig fyrir nokkur útvalin sæti sem gerði þetta skemmtilegt. Í lok mótsins bauð nefndin upp á glæsilegt kaffihlaðborð sem Jón Vídalín töfraði fram.

Þetta golfár er búið að vera frábært, veðrið var einstakt og mikið af nýjum konum hafa bæst í okkar frábæra hóp. Við viljum þakka starfsfólki GA og Vídalín veitingum fyrir frábært samstarf. Einnig viljum við þakka þeim fjölmörgu fyrirtækjum og einstaklingum sem gáfu okkur veglega vinninga fyrir mótin okkar. Að lokum viljum við þakka öllum Golfgellum fyrir skemmtilegt golfár, við hlökkum til að sjá ykkur allar næsta vor.

Takk fyrir okkur!

Kvennanefnd GA 2021



Stoltur styrktaraðili

Golfklúbbs Akureyrar

og Arctic Open



SKÝRSLA KAPPLEIKJANEFNDAR

Mótahald sumarsins 2021 gekk gríðarlega vel og voru fjölmargir kylfingar sem lögðu leið sína á Jaðarsvöll til að taka þátt í fjölbreyttum mótum á vegum GA. Sannkallað metár var í golfmótum á vegum Golfklúbbs Akureyrar en alls voru 5032 mótshringir spilaðir á Jaðarsvelli í ár. Opnunarmót GA var haldið 29. maí og tóku 114 kylfingar þátt í mótinu en það eru 73 fleiri en í opnunarmótinu í fyrra. Síðasta mót sumarsins var síðan haldið 9. október en það var Bændaglíma GA þar sem 67 félagsmenn gerðu sér glaðan dag. Bændur í ár voru hjónin Böðvar Þórir Kristjánsson og Guðrún Karítas Garðarsdóttir og var það að lokum þannig að lið Bödda fór með sigur að hólmi.

Akureyrarmótið var á sínum stað í byrjun júlí og voru 111 kylfingar skráðir til leiks í ár. Fór það svo að Lárus Ingi Antonsson sigraði í meistaraflokki karla með yfirburðum en hann lék hringina fjóra á samtals 7 höggum undir pari, næstur kom Örvar Samúelsson á samtals 8 höggum yfir pari. Töluverð meiri spenna var í meistaraflokki kvenna en að lokum fór það svo að Stefanía Kristín Valgeirsdóttir tryggði sér enn einn Akureyrarmeistaratitilinn með eins höggs forustu á Ólöf Maríu Einarsdóttir.



Íslandsmótið í golfi var haldið á Jaðarsvelli í byrjun og voru okkar bestu kylfingar mættir norður í blíðuna. Mótið gekk frábærlega og voru kylfingar og aðrir glaðir með framkvæmd GA af mótinu. Það er gríðarleg vinna sem fer í að halda Íslandsmótið og er það viss lyftistöng fyrir starf okkar að fá að halda mótið í annað skiptið á síðustu fimm árum. Sjálfboðaliðar og styrktaraðilar gerðu okkur kleift að hugsa vel um afrekskylfingana sem tóku þátt í mótinu og nutum við einnig góðs stuðnings Golfsambands Íslands. Það fór svo að Hulda Clara Gestsdóttir og Aron Snær Júlíusson voru krýndir Íslandsmeistarar á Jaðarsvelli þann 8. ágúst fyrir framan fjöldan allan af áhorfendum sem gerðu sér leið á völinn og nutu þess að fylgjast með frábæru golfi við topp aðstæður.




Mynd:seth@golf.is

Að venju voru mörg stórmótin í ágústmánuði en má þar helst nefna Icewear bombuna, Hjóna- og paramót Golfskálans og GA, Höldur/Askja Open og Opna FootJoy og Titleist mótið. 192 þátttakendur voru í bombunni, 216 í hjóna- og parakeppninni, 206 í Höldur Open og 129 í Opna FootJoy og Titleist mótinu. Öll mótin voru stærri en í fyrra og var því nóg um að vera í ágúst en Íslandsmótið var spilað í þeim mánuði líka. Vegna Covid-19 faraldursins reyndist ekki hægt að halda hefðbundið lokahóf á Hjóna- og parakeppni Golfskálans og GA en við fundum lausnir á því ásamt Vídalín veitingum og fóru keppendur saddir og glaðir heim eftir hringinn á laugardeginum.

Í september mánuði voru líkt og oft áður þó nokkur boðsmót fyrirtækja sem styrkja starf okkar og gengu þau vel. Einnig hélt körfuknattleiksdeild Þórs og handknattleiksdeild KA vel heppnuð styrktarmót fyrir sínar deildir þar sem spilað var Texas Scramble golf. Í bæði mótin mættu 136 kylfingar og skemmtu sér konunglega.

Leiknir voru 5032 mótshringir á Jaðarsvelli sumarið 2021 en það er aukning um tæplega 38% frá því í fyrra. Af þeim voru 2423 leiknir af GA félögum og 2609 af kylfingum í öðrum klúbbum eða tæplega 52%. Það er því ljóst að golfmót hjá GA eru alltaf að verða vinsælli og vinsælli hjá öðrum kylfingum og viljum við halda áfram að gera vel við þátttakendur í mótum hjá okkur og gera þau eins góð og hægt er.




Golfklúbbur Akureyrar hefur lengi haldið gríðarlega vinsæl og stór mót á landsvísu og hefur bætt verulega í áhuga á mótum hjá okkur undanfarin ár. Til að mynda er uppselt bæði í Hjóna- og parakeppni Golfskálans og GA og Arctic Open fyrir árið 2022 núna í desember. Við nálgumst það að vera komin með fjögur mót með yfir 200 þátttakendum og væri það ekki hægt án allra okkar styrktaraðila en við hjá GA viljum þakka þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem gerðu okkur kleift að halda eins glæsileg mót og raun ber vitni. Einnig viljum við þakka þeim sjálfboðaliðum og því starfsfólki sem lagði lóð sín á vogarskálarnir þetta sumarið. Við viljum alltaf gera enn betur og hlökkum til að bæta í fyrir árið 2022 í mótahaldi GA.




Tölfræði mótshringja

Mótshringir eftir mánuðum



Spilaðir hringir í mótum



Ný tækni gerir leikinn betri



Úrslit úr Akureyrarmóti 2021

Meistaraflokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Samtals
Lárus Ingi Antonsson	71	70	66	70	277
Örvar Samúelsson	80	72	68	72	292
Tumi Hrafn Kúld	75	73	72	76	296

Meistaraflokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Samtals
Stefanía Kristín Valgeirsdóttir	79	77	77	84	317
Ólöf María Einarsdóttir	81	84	79	74	318
Auður Bergrún Snorradóttir	88	82	84	95	349

1. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Samtals
Magnús Finnsson	74	76	75	76	301
Konráð V. Þorsteinsson	75	78	75	75	303
Anton Ingi Þorsteinsson	84	79	82	77	322

1. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Samtals
Eva Hlín Dereksdóttir	89	92	86	87	354
Kristín Lind Arnþórsdóttir	95	89	86	89	359
Guðrún María Aðalsteinsdóttir	107	94	97	99	397

2. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Samtals
Viðar Valdimarsson	88	87	79	81	335
Aðalsteinn Helgason	88	82	85	85	340
Ragnar Orri Jónsson	89	86	80	86	341

2. flokkur kvenna	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Samtals
Hrefna Magnúsdóttir	93	94	97	98	382
Björg Ýr Guðmundsdóttir	97	100	98	100	395
Ragnhildur Jónsdóttir	102	102	94	98	396

3. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Samtals
Kristófer Magni Magnússon	84	92	91	78	345
Valdemar Örn Valsson	81	89	91	87	348
Sigurður Samúelsson	92	88	86	86	352

Úrslit úr Akureyrarmóti 2021

4. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Samtals
S. Pétur Ólafsson	100	92	97	93	382
Halldór Karlsson	99	96	98	99	392
Rúnar Antonsson	99	100	95	103	397

5. flokkur karla	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Samtals
Elmar Þór Aðalsteinsson	108	108	99	90	405
Halldór Vilhelm Svavarsson	124	131	127	120	502

Karlar 50+	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Samtals
Ólafur Auðunn Gylfason	80	74	79	82	315
Magnús Birgisson	82	77	80	83	322
Eiður Stefánsson	77	84	78	83	352

Konur 50+	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Hringur 4	Samtals
Guðlaug María Óskarsdóttir	92	85	78	84	339
Birgitta Guðjónsdóttir	87	94	90	86	357
Unnur Elva Hallsdóttir	94	91	88	89	362

Karlar 65+	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Samtals
Birgir Ingvason	75	78	77	230
Vigfús Ingi Hauksson	78	82	79	239
Bjarni Ásmundsson	81	79	82	242

Konur 65+	Hringur 1	Hringur 2	Hringur 3	Samtals
Jakobína Reynisdóttir	98	103	102	303

SKÝRSLA ÞJÁLFARA

Samskipti – Virðing – Viðhorf – Metnaður

Í vetur fengu grunnskólar Akureyrar SNAG búnað golfklúbbsins til þess að vera með golf í íþróttatímum. Einnig sendum við boð á alla skólana um heimsókn upp á klappir sem var vel sótt. Í byrjun júní var Magnús Birgisson ráðinn sem þjálfari við klúbbinn. Í Golfskóla GA voru 142 mörg börn á 5 námskeiðum í sumar og fastar æfingar voru 5 daga vikunnar hjá öllum flokkum. Fjöldi iðkenda 18 ára og yngri er nú þegar þetta er skrifað 111 sem er fjölgun um 13 iðkendu frá síðasta ári.

Námskeið fyrir fullorðna voru vel sótt í sumar en bæði voru haldin nýliðanámskeið sem og námskeið fyrir byrjendur og aðra kylfinga. Einnig var boðið upp á fjölbreytta kennslu fyrir GA félagaga þar sem tekið var á ýmsum þáttum golfsins á miðvikudögum og fimmtudögum.

Á Norðurlandsmótaröðinni voru iðkendu var GA með 34 börn í flokkum 12 ára og yngri sem tóku þátt á mótaröðinni. 18 unglingar tóku þátt í flokkum 13 ára og eldri. Alls 52 iðkendu.

Á unglingsmótaröð GSÍ í einstaklingsmótum voru iðkendu GA 18 og talsins og 16 sinnum á verðlaunapalli. Þar af 5 sigrar en það voru Lárus Ingi(2), Mikael Máni, Skúli Gunnar og Veigar.

Íslandsmeistararitlar unnust í holukeppninni, það voru Lárus Ingi í 19-21árs flokki og Veigar í 15-16 ára flokki. Í Íslandsmótinu í högggleik voru Mikael Máni og Veigar í 3.sæti í sínum flokkum og Kara, Auður og Skúli í topp 5.

Lárus Ingi landaði stigameistararitli í 19-21 árs flokknum. Mikael Máni, Skúli Gunnar, Veigar og Auður höfnuðu öll í topp 3 á stigalista í sínum flokki.



Á GSÍ mótaröð þeirra bestu voru iðkendur GA 5 sinnum á verðlaunapalli og þar af þrisvar á palli í Íslandsmótunum. Lárus Ingi í 2.sæti í holukeppninni og 3.sæti í högggleiknum ásamt Tuma Hrafn Kúld. Efst á stigalista var Andrea Ýr í 4.sæti og Lárus Ingi í 7.sæti.

Íslandsmót Öldunga

Björgvin Þorsteinsson varð Íslandsmeistari í flokki 65+ og Ólafur Auðunn Gylfason var í topp 10 í flokki 50+.



Á Íslandsmótum Golfklúbba var árangur allra sveita eftirfarandi:

- 12 ára og yngri sveitir okkar voru þrjár talsins og árangur eftirfarandi. 3.sæti í hvítu deildinni, 2.sæti í gulu deildinni og 2.sæti í rauðu deildinni
- 15 ára og yngri sveit stúlkna hafnaði í 3. sæti
- 15 ára og yngri a-sveit pilta vann Íslandsmeistaratitil
- 15 ára og yngri b-sveit pilta GA/GH hafnaði í 13. sæti
- 18 ára og yngri sveit drengja hafnaði í 4. Sæti
- 18 ára og yngri sveit stúlkna hafnaði í 4.sæti
- Kvennasveit GA hafnaði í 3.sæti í 1.deild
- Karlasveit GA hafnaði í 5. sæti í 1. deild
- Öldungasveit kvenna féll úr 1. deild
- Öldungasveit karla hafnaði í 5. sæti í 1. deild

Í október fóru fimm kylfingar frá GA til Hollands að keppa á Global junior tour. Það voru Lárus Ingi, Mikael Máni, Óskar Páll, Skúli Gunnar og Veigar. Árangurinn var góður og Skúli Gunnar sigraði 18 ára flokkinn og Lárus Ingi endaði í 5.sæti í 21 árs flokknum.



Landsliðskylfingar voru valdir af afreksstjóra GSÍ núna í haust og er GA með fjóra kylfinga í landliðum Íslands. Lárus Ingi Antonsson og Andrea Ýr Ásmundsdóttir í karla og kvennalandsliði. Skúli Gunnar Ágústsson og Veigar Heiðarsson í Unglingalandsliði.

Andrea Ýr var í sumar valin í kvennalandsliðið sem keppti í evrópumóti liða í sumar. Skúli og Veigar voru valdir í european young masters sem fulltrúar Íslands, aðeins tveir drengir undir 16 ára aldri á landinu voru valdir í verkefnið.

Við þjálfarar GA viljum þakka iðkendum, foreldrum, vallarstarfsmönnum, skrifstofustjóra og hans starfsfólki, framkvæmdastjóra, stjórn klúbbsins, barna- og unglinganefnd og að sjálfsögðu öllum félagsmönnum, kærlega fyrir samstarfið á árinu sem er að líða. Sérstaklega viljum við þakka Magnúsi Birgissyni fyrir mjög gott samstarf yfir sumarmánuðina og þá sýn sem hann kom með í starfið okkar.

Áfram GA!

Heiðar Davíð og Stefanía Kristín





„Sparnaðurinn minn plantar trjám“

Sjálfbær sparnaður er ný leið til þess að spara hjá Landsbankanum. Þannig getur þú sparað og hjálpað umhverfinu á sama tíma. Kynntu þér sjálfbæran sparnað á landsbankinn.is.

ÞAÐ ER LANDSBANKI
NÝRRA TÍMA